

Reykjavík, 11. maí 2011

Landlæknir,
Geir Gunnlaugsson,
Austurströnd 5
170 Seltjarnarnesi

Ályktun aðalfundar FAAS

Aðalfundur FAAS, haldinn 11. maí 2011 hvetur Landlæknisembættið til þess að setja nú þegar í gang undirbúning að miðlægri skráningu allra heilabilunarsjúkdóma á Íslandi og lýsir FAAS yfir vilja til að koma að þeim undirbúningi í samvinnu við embættið.

Greinagerð:

Niðurstöður fjölda rannsókna hafa sýnt að fólki með heilabilun muni fjölga mikið á næstu árum og áratugum. Mannfjöldaspá Hafstofu Íslands sem birt var sl. haust styður þessar niðurstöður.

Mikilvægt er að gera ráðstafanir til þess að geta mætt vaxandi þörf fyrir fræðslu og stuðning við aðstandendur og aðra umönnunaraðila, auk ráðstafana til þess að fjölga úrræðum til að mæta vaxandi umönnunarþörf sem óhjákvæmilega kemur í kjölfar fjölgunar fólks með heilabilun.

Forsenda slíkra ráðstafana er að þekkja á hverjum tíma hina raunverulegu þörf og til að svo megi vera þarf miðlæg skráning á fjölda einstaklinga með heilabilun að vera fyrir hendi. Miðlæg skráning er ekki til staðar á Íslandi í dag, hvorki hjá Landlæknisembættinu né öðrum stofnunum. Heilabilunarsjúkdómar eru því ekki sýnilegt heilbrigðisvandamál á borð við ýmsa aðra sjúkdóma sem auðvelt er að nálgast tölulegar upplýsingar um.

Auk þess vera forsenda framtíðar skipulagningar, mun miðlæg skráning gera heilabilunarsjúkdóma sýnilegri í samfélaginu og stuðla þar með að þekkingu og skilningi á aðstæðum fólks með heilabilun og aðstandenda þeirra.

Fh.stjórnar FAAS

Fanney Proppé Eiríksdóttir,